



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
150 Reykjavík
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 23. febrúar 2015

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, og lögum um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum nr. 59/1992 (aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg aðstoð). Þingskjal 298 – 256. mál.

Athugasemdir ÖBÍ um frumvarpið í heild

Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að auka vinnuvernd fólks, þ.e. að veita ráðherra og Vinnueftirliti ríkisins frekari tækifæri til þess að koma að málum sem varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Hins vegar er lagt til að framlengdur verði gildistími ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum um málefni fatlaðs fólks, þannig að samstarfsverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð verði framlengt um tvö ár eða til ársloka 2016.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Aukin vinnuvernd

1. og 2. gr. frumvarpsins

Jákvætt og mannvænlegt vinnumhverfi er mikilvægt fyrir allt vinnandi fólk. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi á vinnustöðum eru þættir sem ekki eiga að sjást á neinum vinnustað. Þessi þættir geta valdið streitu, áföllum og ótímabærri örorku. Breytingarnar sem hér er lagt upp með, þ.e. sterkari lagaleg umgjörð fyrir inngrip Vinnueftirlitsins þegar grunur er uppi um tilvik sem þessi eru að mati ÖBÍ nauðsynleg.

Notendastýrð persónuleg aðstoð

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er nýtt form aðstoðar hér á landi sem hefur haft jákvæð áhrif á lífsgæði fatlaðs fólks og aukið samfélagsþátttöku þess til muna.

NPA hefur gefið fötluðu fólki frelsi og vald til að taka ábyrgð á eigin lífi, styrkt stöðu þess í samfélaginu. Aðstoðin hefur auk þess gefið því tækifæri til að stunda nám og atvinnu, NPA leiðir því til þess að fatlað fólk hefur meiri möguleika á að verða virkir samfélagsþegnar. Sú þjónusta sem fötluðu fólki hefur staðið til boða hingað til hefur ekki getað komið til móts við þessar þarfir fatlaðs fólks og þar með komið í veg fyrir þátttöku þess í samfélaginu á jafnræðisgrundvelli. ÖBÍ telur nauðsynlegt að þeim sem þess óska verði gefinn kostur á að fá samninga um NPA á næstu tveimur árum.

3. gr.

Eitt af áhersluatriðum ÖBÍ er að víkja megi frá reglum um hvíldartíma og næturvinnutíma starfsmanna sem vinna við NPA og telur mikilvægt að festa þessi ákvæði sem fyrst í sessi.

4. gr.

Í a. lið 4. gr. er lagt til að framlengja notendastýðra persónulega aðstoð sem tilraunaverkefni og í b. lið ákvæðisins er lögð til orðalagsbreyting á 2. másl. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögnum á eftirfarandi hátt.

Í nógildandi ákvæði segir:

„Enn fremur skal ráðherra eigi síðar en í árslok 2014 leggja fram frumvarp til laga þar sem lagt verður til að lögfest verði að persónuleg notendastýrð aðstoð verði eitt meginform þjónustu við fatlað fólk og skal efni frumvarpsins m.a. taka mið af reynslu af framkvæmd samstarfsverkefnisins.“

Ef frumvarpið verður samþykkt mun ákvæðið orðast svo:

„Við endurskoðun á lögum þessum skal m.a. lagt til að notendastýrð persónuleg aðstoð verði lögfest sem þjónustuúrræði fyrir fatlað fólk.“

Í athugasemdum frumvarpsins kemur ekki fram hvers vegna ákveðið hefur verið að fara af þeirri braut að lögfesta NPA sem eitt af meginformum þjónustu við fatlað fólk en í nýju frumvarpi er m.a. lagt til að lögfesta NPA sem þjónustuúrræði. Hvort þarna sé um efnisbreytingu að ræða skal ósagt látið, en ljóst er að allt þetta ákvæði þarfnast frekari skýringa.

Nánar um a. lið 4. gr. frumvarpsins

Í nógildandi lögum segir að fyrir árslok 2014 skuli lögfesta NPA sem eitt meginform þjónustu við fatlað fólk. ÖBÍ getur ekki falið vonbrigði sín með að slíkt hafi ekki tekist. Hægt hefði verið að leggja meiri metnað í verkefnið. Frestunin felur einfaldlega í sér að stjórnvöld fresta bættum aðstæðum og líf skjörum einstaklinga.

Rökin fyrir því að lengja í tilraunaverkefninu eru að ekki sé komin næg reynsla hjá sveitarfélögum sem eru ábyrgðaraðilar þjónustunnar. Erlendar rannsóknir sýna að

lífsgæði einstaklinga sem eru með NPA batna til muna, þeir lifa mun innihaldsríkara lífi en áður og samfélagsþátttaka þeirra eykst. Reynsla einstaklinga og aðstandenda hér á landi hefur einnig verið jákvæð.

Tímabilið 2015-2016

Nái frumvarpið fram að ganga þurfa stjórnvöld að nýta tímann vel. Á framlengingartímabilinu telur ÖBÍ að eftirfarandi þurfi að gerast:

- a. Fjölga þarf NPA samningum. Í ljósi þess að fleiri sóttu um NPA en fengu, eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, ætti að fjölga samningum þannig að allir sem sótt hafa um NPA fái þessa tegund aðstoðar. Þannig ætti að fást raunhæf reynsla af tilraunaverkefninu og þörf fyrir fjármagn.
- b. Tryggja þarf meira fjármagn til verkefnisins þannig að fjölga megi samningum.
- c. Ráðuneyti velferðarmála verður að vera tilbúið með frumvarp að lagatexta fyrri hluta árs 2016. Lagatextinn verður að kveða skýrt á um réttindi fólks með þeim hætti að einstaklingar sem uppfylla skilyrði laganna geti fengið NPA. Ótækt er að textinn verði settur upp sem heimildarákvæði.
- d. ÖBÍ telur að heillavænlegt sé að líta til Svíþjóðar við frumvarpsvinnu laganna og ákvörðunar kostnaðarskiptingar á milli ríkis og sveitarfélaga. Svíþjóð hefur mikla reynslu af NPA og líta önnur Norðurlönd þangað við innleiðingu sína.

Öryrkjabandalag Íslands er reiðubúið að koma að frekari endurskoðun þessa frumvarps sé þess óskað.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,



Ellen Calmon
formaður ÖBÍ